

Ed.

41. Nefndarálit

um frv. til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og fellst á, að það muni spara bæði hinu opinbera og einstökum mönnum útgjöld, öllum að meinfangalausum, ef það verður að lögum, og þar sem nefndin hefir ekkert við frv. að athuga eins og það liggur fyrir, leyfir hún sjer að leggja það til við háttv. deild, að hún samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 21. febrúar 1927.

Jóh. Jóhannesson,
form. og frsm.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Jóhann P. Jósefsson.